

Fundur skólaráðs miðvikudaginn 10. febrúar 2010

Fundarmenn: Hildur, Kristbjörg, Vala, Helga Þöll, Óskar, Agnes, Anna Magnea, Ragnheiður, Margrét H. og Hafdís Bára.

Fundur settur kl. 14:35.

1. Skóladagatal 2010-2011. Skólastjóri kynnti fyrirhugað skóladagatal sem ráðið fékk sent fyrir fundinn. Bent var á hvernig dagtalið er samansett, fjöldi kennsludaga og tvær tegundir skipulagsdaga. Vorönn 2011 er óvenjuleg hvað það varðar að páskar eru mjög seint. Öskudagur verður skertur dagur enda er þá staðið fyrir veglegri öskudagshátíð í stað hefðbundinnar kennslu. Skólaráð þarf að samþykkja dagatalið. MH tekur saman.
2. Skipulag næsta skólaárs. Það verður í grófum dráttum eins og í ár. Gert er ráð fyrir 424 nemendum sem er fjölgun um tæplega 20 nemendur frá því sem nú er. Fjárhagsáætlun er svipuð og áður en vörukaupaliðir verða ekki hækkaðir. Rafmagn og hiti er það eina sem hækkar.
3. Húsnæðismál. Það er löngu orðið ljóst að byggja þarf við skólann. List- og verkgreinastofur eru litlar og aðstaða starfsmanna er mjög bág enda skólinn hannaður fyrir mun færri nemendur og starfsmenn en nú starfa í skólanum. Ef bekkjardeildum fjölgar um eina þá vantar bekkjarstofu. Bæjaryfirvöld hafa ekki sett viðbyggingu á 3ja ára áætlun en eru tilbúin til þess að bæta við færanlegum kennslustofum. Beðið er um liðsinni foreldra við að knýja á um framkvæmdir. Skólaþing sem haldið verður 11.2. er e.t.v. vettvangur til þess að vekja athygli.
4. Önnur mál.
 - a. Samkomur í skólanum. Fulltrúi kennara bendir á að brýnt sé að vekja foreldra til umhugsunar um að þeir beri ábyrgð á börnum sínu á skemmtunum á vegum skólans. Það sé ekki viðeigandi að börn komi án foreldra sinna eins og gerðist á fjölmennu fjáröflunarbingó foreldra.
 - b. Fulltrúar nemenda fengu í hendur leiðbeiningablað um setuna í skólaráði.
 - c. Nýtt skólaráð. Kjósa þarf tvo fulltrúa nemenda, bent á að gott gæti verið að hafa þá í sitt hvorum árganginum til þess að tryggja samfellu. Foreldrar þurfa að kjósa sé fulltrúa í vor.
 - d. Reykjaferð 7. bekkinga. Fulltrúar nemenda sögðu frá ferðinni sem er sú skemmtilegasta sem þeir hafa farið í. Þeir leggja áherslu á að hún megi ekki falla niður. Rætt var um tímasetningu ferðarinnar og voru menn helst á því að best væri að ferðin væri farin á vorönn t.d. í mars sem verður langur og samfelldur mánuður næsta ár.
 - e. Næsti fundur. Hann verður í mars og þá verður kynnt sjálfsmatsskýrsla skólans og niðurstöður úr eineltiskönnun í grunnskólum Garðabæjar.

Fundi slitið kl. 15:50

Hafdís Bára Kristmundsdóttir